

Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir tímabilið 20.06.01-1.1.02.

Í lok ágústmánaðar var hafist handan við að styrkja vegi í nágrenni Þeistareykja þannig að koma mætti stóru bortæki þangað. Verkinu lauk í lok septembermánaðar og hafði þá um 7 km. kafli af veginum verið styrktur og allar krappar beyjur á leiðinni af Hólasandi verið breikkaðar. Borplan (30 m*30 m) var útbúið rétt sunnan við skála og vegir í kringum kaldavatnsholu styrktir. Verkið var unnið af Ólafi Sigurpálssyni á Húsavík eftir útboð og kostaði verkið um 1,9 millj. kr. Framkvæmdaáætlun hljóðaði upp á 2,5 millj.kr..

Stærsta verkefni Þeistareykja ehf á árinu 2001 var dæluprófun á kaldavatnsholu sem boruð var á árinu 2000 um þrjú km. norður af skála. Keypt var Grundfoss dæla með áföstum mótör. Farið var með búnaðinn á Þeistareyki 3. október og var uppsetningu lokið þann 11. október og hófst þá dæluprófun. Í upphafi var dælt um 32 l/s, en aukið í 45 l/s sólahring síðar. Dæling stóð yfir fram á mánudagsmorgun 15. okt. Þá var búnaðurinn tekinn saman og gengið frá holutopp fyrir veturinn. Niðurstöður dæluprófunar eru að hægt er að dæla 45 l/s af 27°C vatni úr borholunni án verulegs niðurdráttar. Þetta er það vatnsmagn sem krafist er við háhitaboranir. Kostnaður við þessa dæluprófun var um 6,7 millj. kr
Framkvæmdaáætlun hljóðaði upp á 5,5 millj.kr.

Ákveðið var á síðasta aðalfundi að fá Orkustofnun til að útbúa gögn í hendur Skipulagsstofnunar til að fá endanlegan úrskurð um hvort þörf sé á umhverfismati fyrir þá boráætlun sem fyrirhuguð er og fékkst það leyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kostnaður við þetta verk var 1,8 millj. kr. á árinu 2001.
Framkvæmdaáætlun hljóðaði upp á 1 millj.kr.

Gerð var fornleifarskráning af næsta nágrenni Þeistareykja og var kostnaður 280 þús. kr.

F.h stjórnar Þeistareykja ehf

Hreinn Hjartarson